

L Ö G

um flokkun og mat ullar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Öll óþvegin ull, sem framleidd er í landinu og til sölumeðferðar kemur, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt flokkunar- og matsreglum, er ullarmatsformaður setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

2. gr.

Hver ullarframleiðandi er skyldugur að skila ullinni í merktum umbúðum. Skylt er kaupanda að meta ullina strax við móttöku, enda hafi framleiðandi þegar flokkað ullina samkvæmt gildandi flokkunarreglum. Komi ullin óflokkuð frá framleiðanda, má matið fara fram í ullarþvottastöð, enda fái framleiðandi skýrslu um matið.

II. KAFLI

Um mat á þveginni ull.

3. gr.

Öll þvegin ull, sem til sölumeðferðar kemur, skal metin af ullarmatsmönnum, ef kaupandi eða seljandi óskar þess. Nánari reglur um útflutning ullar má setja með reglugerð.

III. KAFLI

Um skipun og störf starfsmanna við ullarmat.

4. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn eftir tillögum yfirullarmatsmanna.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirullarmatsmenn samkvæmt tilnefningu ullarmatsformanns. Skulu þeir hafa afflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á annan hátt.

Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði.

Landbúnaðarráðherra skipar ullarmatsformann, er skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í öllu því, sem að ullarframleiðslu, meðferð ullar og ullarmati lýtur. Skal hann og veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar, og er yfirullarmatsmönnum og ullarmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið.

Landbúnaðarráðuneytið tiltekur nánar starfssvið hans, eftir því sem þurfa þykir. Nánari ákvæði um starfssvið ullarmatsmanna skal setja í reglugerð.

5. gr.

Ullarmatsformanni og yfirullarmatsmönnum skulu greidd laun úr ríkissjóði í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

Laun ullarmatsmanna greiða þeir aðilar, sem taka á móti ull frá framleiðendum.

6. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í meðferð og frágangi ullar eftir því sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, sem landbúnaðarráðuneytið úrskurðar.

7. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara sæta sektum, frá 5 000 til 100 000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um flokkun og mat á gærum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um flokkun á gærum við móttöku fjár á sláturstað.

1. gr.

Allar gærun, sem til sölumeðferðar koma, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Flokkunin skal framkvæmd af lögskipuðum gærumatsmönnum og lögð til grundvallar við útreikning á verði gærunna til einstakra framleiðenda. Við flokkunina skal taka tillit til ástands, eðlissæða og litar gærunna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI

Um meðferð á gærum og um sölumat þeirra við afhendingu.

2. gr.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrir mælum lögskipaðra gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang og geymslu gæra. Gærumatsmaður skal